

Jakob Orri Jónsson og Steinunn Kristjánsdóttir

Grafið í rústir Þingeyraklausturs

Áfangaskýrsla 2023



Reykjavík 2024

Þakkir:

Valgerði Valsdóttur og fjölskyldu er þakkað fyrir að leyfa uppgröft á jörð sinni en líka fyrir einstaka gestrisni og velvild. Stefáni Pálssyni gröfumanni frá Blönduósi er þakkað fyrir vandaða vinnu. Ólafi Helga Jóhannssyni hjá Thrifty bílaleigu er einnig þakkað.

Uppgröfturinn fór fram fyrir fjárframlög úr Rannsóknasjóði Íslands, öndvegisstyrkur nr. 228576-051, og RÍM (sjóðnum Ritmenning íslenskra miðalda).

© Reykjavík: höfundar, 2024

Forsíðumynd: Torfhleðsla [28832 og 29157], skorin af prufuskurðinum frá 2017. Sjá má dren [30894] fyrir neðan (sunnan) torfhleðsluna, enn fullt af móösku þegar myndin er tekin.

Efnisyfirlit

1. Forsaga rannsókna	1
1.1. Ágrip af sögu Þingeyraklausturs	1
1.2. Fyrri rannsóknir	3
2. Stjórnsýsla og fjármögnun	4
3. Almennar upplýsingar og aðferðir á vettvangi	5
4. Stærð og umfang uppgrftar	6
4.1. Svæði D	6
4.2. Svæði E	7
4.3. Svæði F	11
5. Lýsing mannvirkja	13
5.1. Gröf 16	13
5.2. Grafir 17, 18 og 20	14
5.3. Gröf 19	15
5.4. 19. aldar bygging	16
5.5. Torfhleðsla og dren	16
5.6. Veggur kirkjugarðs	18
6. Fundir	19
6.1. Bein	21
6.2. Gler	22
6.3. Hár	22
6.4. Keramik	22
6.5. Leður	23
6.6. Málmar	23
6.7. Skel	23
6.8. Steinar	23
6.9. Textílar	24
6.10. Ull	24
6.11. Viður	24
7. Landslag, gróður og jarðgrunnur	25
8. Miðlun	25
9. Túlkun og framhald rannsókna	25
Heimildaskrá	27
Jarðlagaskrá	30
Jarðlög á svæði D	30
Jarðlög á svæði E	31
Jarðlög á svæði F	34
Viðauki 1 Þingeyrar Faunal Report, Helene Benkert	38
Viðauki 2 Niðurstöður C14 greininga	45

Myndaskrá

Mynd 1: Þingeyrarkirkja, byggð 1877. Horft til norðurs.....	2
Mynd 2: Yfirlitsmynd yfir uppgraftarsvæðin í lok uppgraftartímabilsins 2023.	5
Mynd 3: Teikning af svæði D við lok vettvangsvinnu 2023.	6
Mynd 4: Harris Matrix af einingum á svæði D.....	7
Mynd 5: Teikning af svæði E við lok vettvangsvinnu 2023.....	8
Mynd 6: Harris Matrix af einingum á svæði E.	9
Mynd 7: Torfhleðsla [28832] fyrir miðju. Má sjá horn torfhleðslu [29157] handan prufuskurðsins frá 2017. Í línu við hornið má sjá torfhleðslu [29167] handan ops. Vinstra megin á myndinni, ofarlega má sjá glitta í vegg kirkjugarðsins [26047]. Hægra megin, ofarlega, má sjá hrygg í malarlagi [31346]. Í vinstra horni, niðri, má sjá raflögn sem liggur yfir svæðið... 10	10
Mynd 8: Yfirlitsmynd yfir svæði E, tekin seinasta dag uppgrftar.....	11
Mynd 9: Harris Matrix af einingum á svæði F.....	12
Mynd 10: Teikning af svæði F við lok vettvangsvinnu 2023.	12
Mynd 11: Teikning af líkamsleifum í gröf 16.....	13
Mynd 12: Teikning af líkamsleifum í gröf 17.....	14
Mynd 13: Teikning af líkamsleifum í gröf 18.....	14
Mynd 14: Teikning af líkamsleifum í gröf 19.....	15
Mynd 15: Leifar stéttar [30998] fyrir miðju, upp við vegg [31077], stærri steinar til hægri..	16
Mynd 16: Opið í hleðslunni fyrir miðri mynd, brot [29157] hægra megin á myndinni og hleðsla [29167] vinstra megin. Drenið, enn fullt af ljósri móösku, liggur í gegnum það og norðan við leifar hennar. Horft til suðurs.....	17
Mynd 17: Suðvesturhorn torfhleðslunar og endi drensins sunnan hennar, með botnfylli af vatni. Horft til norðurs.	17
Mynd 18: Veggur kirkjugarðs.....	18
Mynd 19: Skífurit með hlutföllum gripaflokka eftir fjölda.....	19
Mynd 20: Kort yfir fundi á svæði E.....	19
Mynd 21: Kort yfir fundi á svæði D.	20
Mynd 22: Kort yfir fundi á svæði F.	20
Mynd 23: Glerperla (2023-36-4).....	22
Mynd 24: Leirkersbrot úr þrífóta eldunaríláti (2023-36-1033).....	22
Mynd 25: Krækja af flík (2023-36-952).	23
Mynd 26: Steinsleggja (2023-36-181).	24

Grunnupplýsingar:**Rannsóknarnúmer**

201502-0039

Þjóðminjasafnsnúmer

2023-36

Nr. fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun

Þingeyrar 144733 169-4. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga (2006). Fornleifaskrá Þingeyra. Rannsóknarskýrslur 2006/50. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagfirðinga.

Stutt lýsing rannsóknar

Rannsókn á rústum Þingeyraklausturs í tengslum við verkefnið *Samspil manns og náttúru*

Tegund rannsóknar

Vísindarannsókn

Staðsetning

Þingeyrar, Húnaþingi, Norðurlandi

GPS hnit

SV: 562370.621, 435204.572

NV: 562381.742, 435208.812

SA: 562367.163, 435213.853

NA: 562378.422, 435218.076

Rannsóknartími

31. júlí til 25. ágúst 2023

Leyfishafi

Prófessor Steinunn Kristjánsdóttir

Fjöldi starfsmanna

Tólf starfsmenn: Fjórir fornleifafræðingar og átta nemar



Útdráttur

Sumarið 2023 var uppgrefti á Þingeyrum haldið áfram það sem frá var horfið árið á undan. Á svæði D voru grafnar upp fjórar grafir og hafist handa við að grafa burt haft milli svæða D og C þar sem frekari leifar 19. aldar byggarinnar sem áður hafa fundist á báðum svæðum komu fram. Á svæði E var torfhleðsla sem kom í ljós á seinustu dögum uppgraftar 2022 grafin fram og kom þá í ljós dren sem lá í gegnum op í hleðslunni. Þessi hleðsla hefur verið túlkuð sem svo að hún tilheyri klausturtíma, mögulega garðlag um klaustrið. Að auki var nýtt svæði, svæði F, opnað milli svæða D og E. Þar var grafin ein gróf og komið niður á leifar sem líklega tilheyra einnig 19. aldar byggingunni.

Abstract

The summer of 2023 excavations were continued from where they had ended the previous excavation season. In area D four graves were excavated and work started on removing a strip of soil between areas D and C. This strip contained ruins from a 19th century structure that had previously been encountered in both areas. In area E the turf wall that was discovered in the last day of the excavation season 2022 was brought out, revealing a drainage ditch that lay along the wall and through an opening in it. This wall has been interpreted as belonging to the monastic structures of Þingeyraklaustur, possibly a boundary wall surrounding the monastic structures. Further, a new area was opened, area F. There, a grave was excavated and remains uncovered that likely also belong to this 19th century structure.

1. Forsaga rannsókna

Sumarið 2023 var fimmta sumarið sem grafið var á Þingeyrum í Húnaþingi, en líkt og seinustu tvö ár var uppgröfturinn hluti af stærra verkefni sem snýr að rannsókn á ritmenningu í Þingeyraklaustri. Stjórnendur þess verkefnis eru Steinunn Kristjánsdóttir og Gottskálf Jensson. Þetta sumarið var annað sumarið sem uppgröfturinn er einnig hluti af verkefninu *Samspil manns og náttúru*. Markmið verkefnisins er að breikka þá þekkingu sem er þegar til staðar um klausturlifnað og handritagerð á Þingeyrum, með sérstakri áherslu á vistfræði staðarins.

1.1. Ágrip af sögu Þingeyraklausturs

Ítarlega hefur verið farið yfir sögu Þingeyra og Þingeyraklausturs í fyrri skýrslum (Steinunn Kristjánsdóttir, 2018; Sigrún Hannesdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir, 2020; Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2022). Verður hér því stiklað á stóru. Í skýrslunni frá 2020 er farið yfir byggingarsögu klaustursins (Sigrún Hannesdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir, 2020) og í skýrslunni fyrir uppgráftartímabilið 2021 er farið yfir byggingarsögu Þingeyra eftir að klaustrið var lagt af (Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2022). Vísað er til þessara skýrslna til frekari upplýsinga um staðinn.

Ekki er að fullu ljóst hvenær Þingeyraklaustur var stofnað en talið er að kirkja hafi verið reist á Þingeyrum árið 1112 með það að markmiði að þar væri síðar stofnað klaustur. Fyrsti ábótinn tók hins vegar ekki til starfa fyrr en 1133 (Gunnar Karlsson, 2008, bls. 159–167). Ekki er víst hvort kirkjan frá 1112 hafi þjónað klaustrinu eða hvort önnur kirkja hafi verið reist síðar sérstaklega fyrir það. Forkannanir benda hins vegar til þess að jarðsett hafi verið að kristnum sið frá því um aldamótin 1000 í túninu norðan og austan við núverandi bæjarstæði á Þingeyrum en í könnunarskurði þar fundust árið 2017 bein úr yfir 20 einstaklingum frá þeim tíma. Aftur á móti hafa rústir svo gamallar kirkju ekki enn fundist á Þingeyrum. Jarðsett var síðan í kirkjugarðinum allt fram á 20. öld en ný kirkja á nýju kirkjustæði var reist á Þingeyrum seint á 19. öld (Hermann Jakob Hjartarson, Steinunn Kristjánsdóttir og Joe W. Walser, 2017; Sigrún Hannesdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir, 2020; Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2022). Fjallað hefur verið um þær rituðu heimildir sem til eru um útlit og gerð bygginga Þingeyraklausturs í áfangaskýrslu 2021 og í viðauka hennar birt úttekt á staðnum frá 1684, en einnig í nýlegri grein (Gottskálf Jensson, 2023, bls. 5–10; Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2022).



Mynd 1: Þingeyrakirkja, byggð 1877. Horft til norðurs.

Vitað er að Þingeyraklaustur stóð fyrir umsvifamikilli handritagerð og hafa um tuttugu handrit sem rituð voru þar varðveist (Gottskálf Jenson, 2021). Þingeyraklaustur var að lokum lagt af í kjölfar síðaskiptanna árið 1551 og varð það, auk alls jarðagóss þess, þá að eign konungs. Tók þá við tími klausturhaldara sem unnu sem umboðsmenn konungs og sáu um klausturjarðirnar (Jakob Orri Jónsson, 2023). Margir klausturhaldaranna bjuggu í þeim húsum sem þegar stóðu á klausturstöðunum en alls ekki allir (Steinunn Kristjánsdóttir, 2017, bls. 36–37; Steinunn Kristjánsdóttir, 2022, bls. 92–94).

Fyrsti klausturhaldari Þingeyraklaustursumboðs, Sveinn Finnbogason, var skipaður 13. mars 1545, þrátt fyrir að til endanlegrar lokunar klaustursins hafi ekki komið fyrr en sex árum seinna (DI XI, bls. 378). Ekki er vitað til þess að hann hafi nokkurn tíma tekið til starfa, enda þótt skipunarbréfið sé til. Frá lokun klaustursins laut það stjórn átján klausturhaldara til ársins 1811 og fór Björn Olsen síðastur þeirra með Þingeyraklaustursumboð. Fóru Þingeyrar síðan í einkaeigu þegar hann keypti jörðina þetta ár en fram að því voru Þingeyrar og meðfylgjandi klausturjarðir í eigu konungs (Jakob Orri Jónsson, 2023). Björn lét gera upp mikið af húsakosti Þingeyra, líkt og raunar aðrir klausturhaldarar á undan honum. Kirkja Lárusar Gottrups,

klausturhaldara, frá um 1700 var meðal annars rifin árið 1817 og í staðinn byggð torfkirkja (Steinunn Kristjánsdóttir, 2017, bls. 102).

Árið 1877 var vígð ný steinkirkja að Þingeyrum en það var alþingismaðurinn Ásgeir Einarsson sem lét reisa hana en hann hafði flutt til Þingeyra 1861 (mynd 1). Fyrst var jarðsett við þessa nýju kirkju árið 1914 (Guðrún Harðardóttir, Guðrún Jónsdóttir, Þór Magnússon og Gunnar Bollason, 2006, bls. 270). Á túnakorti frá 1919 má sjá þessa steinkirkju með nýja kirkjugarðinum, sem og gamla kirkjugarðinn við bæjarhúsin (sjá Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2022, bls. 6). Árið 1915 keyptu hjónin Jón Sigurður Pálmason og Hulda Á. Stefánsdóttir Þingeyrajörðina en Hulda flutti þangað 1923. Hún segir í æviminningum sínum frá því þegar gamli kirkjugarðurinn var sléttaður og gerður að túni stuttu eftir að hún flutti á staðinn (Hulda Á. Stefánsdóttir, 1987, bls. 62–66). Árið 1924 stóð hins vegar enn hluti þeirra bæjarhúsa sem Björn Olsen hafði reist en það ár brunnu þau. Sluppu aðeins geymsluhús og hjallur við eldinn. Þessi hús standa enn en þau eru núna hluti af gamla bænum á Þingeyrum (Hulda Á. Stefánsdóttir, 1987, bls. 62–66; Guðrún Harðardóttir o.fl., 2006, bls. 268–269).

1.2. Fyrri rannsóknir

Fyrstu fornleifarannsóknir í landi Þingeyra voru fornleifaskráningar Brynjúlfs Jónssonar frá 1894 og 1905 (Brynjúlfur Jónsson, 1895; 1907). Eftir skráningar hans leið öld þar til að næstu rannsóknir hófust 2006, þegar fornleifaskráning fór aftur fram þar en hún var framkvæmd af starfsfólki fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga (Bryndís Zoëga, Guðmundur St Sigurðarson, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga, 2006). Næstir til að vinna við rannsóknir á staðnum voru fornleifafræðingar við Fornleifastofnun Íslands og Háskólann í Vín. Framkvæmdi hópurinn viðnámsmælingar að Þingeyrum 2012 í tengslum við hugsanlegt þinghald á staðnum (Coolen og Mehler, 2015). Árið 2014 hófust svo rannsóknir á rústum klaustursins á Þingeyrum. Fór vinnan fram í tengslum við verkefnið *Kortlagning klaustra á Íslandi* og byggði einkum á jarðsjármælingum og öðrum fjarkönnunum (Margrét Valmundsdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir, 2014; Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir, 2014). Árið 2015 voru síðan fyrstu könnunarskurðirnir teknir til að leita rústa klaustursins og var leitinni haldið áfram með könnunarskurðum árin 2016 og 2017 (Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir, 2015; 2016; Hermann Jakob Hjartarson, Steinunn Kristjánsdóttir og Joe W. Walser, 2017). Uppgröftur hófst svo árið 2018 með opnun tveggja aðliggjandi svæða sem gefin voru bókstafirnir A og B en þau voru seinna

sameinuð sem svæði C (Steinunn Kristjánsdóttir, 2018). Árið eftir var ekki grafið en frekari jarðsjármælingar gerðar (Ómar Valur Jónasson, 2019). Árin 2020 og 2021 var uppgrefti síðan haldið áfram. Lokið var við uppgroft á svæði C árið 2021 en tvö ný svæði sem hlutu bókstafina D og E opnuð. Ekkert var grafið á svæði D það ár en nýir könnunarskurðir teknir og ný svæði jarðsjármæld (Sigrún Hannesdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir, 2020; Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2022).

Á svæði C fundust 14 grafir sem sumar reyndust vera frá 20. öld. Ein af þeim var tímasett til klausturtíma með kolefnisaldursgreiningum. Það var þá sem grafir tveggja klausturhaldara fundust. Það voru grafir þeirra Odds Stefánssonar, sem var klausturhaldari 1783 til 1803 en lést hann 1804, og Jóns Þorleifssonar, sem var klausturhaldari frá 1678 fram á dánardag árið 1683. Auk grafanna var grafin fram torfhleðsla á svæði C sem talin er vera hluti af syðri langvegg klausturkirkjunnar (Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2022, bls. 13–16).

Við hreinsun á svæði D komu í ljós þó nokkur mannabein í röskuðum lögum. Svæðið var þá mælt með radarjarðsjá sem sýndi merki um að margar grafir væri þar að finna. Vegna þessa var uppgrefti þar hætt en svæði E opnað á stað þar sem könnunarskurðir frá 2017 höfðu gefið til kynna að þar gæti hafa verið eldhús eða eldunaraðstaða. Svæði E er staðsett rétt vestan við 19. aldar kirkjugarðsvegginn en vestasta horn hans nær þó inn á uppgraftarsvæðið. Sumarið 2021 var komið niður á hann, niðurgroft fyrir rafmagnslínu frá því um aldamótin 1900 og öskuhauga frá 19. eða 20. öld (Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2022). Uppgraftartímabilið 2022 var svæði D opnað á ný og var þar komið niður á leifar 19. aldar byggingar (sjá kafla 5.3.) og var ein gröf grafin upp. Reyndist það vera gröf klausturhaldarans Bjarna Halldórssonar (f. 1701 – d. 1773; sjá Jakob Orri Jónsson, Svavar Níelsson og Steinunn Kristjánsdóttir, 2023, bls. 18–20). Á svæði E var haldið áfram að grafa í gegnum öskuhauginn og undan honum komu í ljós móöskulög sem reyndust hylja og liggja upp að tofhleðslu sem kom í ljós á seinustu dögum uppgrafar (Jakob Orri Jónsson o.fl., 2023).

2. Stjórnsýsla og fjármögnun

Uppgröfturinn er liður í verkefninu *Samspil manns og náttúru* sem er fjármagnað með öndvegisstyrk frá Rannsóknasjóði Rannís ásamt styrk frá sjóðnum *Ritmennning íslenskra miðalda* (RÍM). Tilskilin leyfi frá landeigendum og Minjastofnun Íslands fengust fyrir rannsókninni.



Mynd 2: Yfirlitsmynd yfir uppgraftarsvæðin í lok uppgraftartímabilsins 2023.

3. Almennar upplýsingar og aðferðir á vettvangi

Uppgröftur á rústum Þingeyraklausturs árið 2023 fór fram dagana 31. júlí – 25. ágúst. Stjórnandi rannsóknar er sem fyrr getur prófessor Steinunn Kristjánsdóttir (SK) en uppgrafterstjóri var Dr. Jakob Orri Jónsson (JOJ). Aðrir starfsmenn voru Dr. Scott John Riddell (SJR), Dr. Helene Benkert (HB), meistaranemarnir Delaney Lynn Dammeyer (DLD) og Lára Janusdóttir (LJ) og grunnnámsnemarnir Daníel Freyr Ívarsson (DFÍ), Steinunn Edda Einarsdóttir (SEE), Erla Sóley Skúladóttir (ESS), Heiðar Berg Hjartarson (HBH), Sigþór Bjarmi Geirsson (SBG) og Þorgerður Hjelm Daníelsdóttir (ÞHD). Jakob Orri sá um greiningu gripa og mynda- og kortavinnslu, Helene sá um greiningu á dýrabeinum og Scott sá um greiningu jarðvegssýna. Lára Janusdóttir sá um XFR efnagreiningar á fundum og Þorgerður sá um ljósmyndun og skráningu gripa í Sarp. Sýni voru greind til kolefnisaldurs hjá Beta Analytic Inc. og Joe W. Walser III sá um greiningu mannabeina.

Vélgrafa var nýtt við opnun nýs svæðis F en öll önnur vinna fór fram með handverkfærum. Einingaaðferð (e. single context recording) var beitt við uppgröft og skráningu mannvistarlag. Einingaaðferðin felur í sér að hvert mannvistarlag er hugsað sem minjar um

einstakan atburð. Hvert lag, jafnt náttúruleg jarðlög sem mannvistarlög, er skráð sem eining og henni lýst, hún er ljósmynduð og mæld með alstöð. Alstöð var notuð til að gefa hverri einingu númer sem er einstakt innan rannsóknarsvæðisins og einkennt er með hornklofum þegar vísað er til þeirra (t.d. [27211]). Samhliða skráningu eininga er þeim raðað í flæðirit (Harris Matrix) sem heldur utan um afstæða aldursröð og samhengi eininga innan rannsóknarsvæðisins. Ljósmyndun eininga fór fram með stafrænni myndavél og var þrífótur nýttur þar sem það var mögulegt. Einnig voru teknar yfirlitsmyndir með flygildi. Jafnframt var staðsetning gripa mæld upp með alstöðinni. Í lok hvers dags var mælingum svo hlaðið upp í stafræna gagnagrunninn Intrasis. Þau öskulög sem voru grafin voru öll þurrsigtuð í 5mm handsigti. Eins voru bein valin til kolefnisaldursgreininga.


4. Stærð og umfang uppgrftar

Sumarið 2023 var haldið áfram þar sem frá var horfið fyrra sumar. Á svæði D voru mögulegar grafir sem byrjað var á þá rannsakaðar til fullnustu, meðan á svæði E var reynst við að draga fram torfhleðslu sem kom í ljós í lok uppgraftartímabilsins 2022. Þar að auki var nýtt svæði opnað sem hlaut bókstafinn F.


Svæði F er staðsett vestur af svæði C, sunnan minningarmarka í túninu, og er svæðið 5 x 5 metrar að stærð, en var stækkað um 1,5 x 1,5 metra reit í vestursniði þess þar sem gröf 19 var grafin upp (sjá mynd 2).

4.1. Svæði D

Í lok uppgraftartímabilsins 2022 var byrjað að grafa upp mögulegar grafir [28623] og [28598] og var fyrsta viðfangsefni ársins 2023 á svæði D að halda því áfram. Reyndist myndin þá ögn flóknari en talið hafði verið en á þessu svæði komu fram einar fjórar grafir sem þó virðast ekki hafa skorið



Mynd 3: Teikning af svæði D við lok vettvangsvinnu 2023.



Mynd 4: Harris Matrix af einingum á svæði D.

hver aðra nema að litlu leyti, þrátt fyrir að þær hafi fundist þétt saman. Fyrsta gröfin sem komið var niður á er gröf 16 [29013], sunnarlega á svæði D (sjá kafla 5.1.). Norður af henni og dýpra komu í ljós þrjár grafir sem reyndust allar hafa verið teknir á sama tíma en þó seinna en gröf 16. Þetta voru grafir 17 [29420], 18 [29922] og 20 [30351] (sjá kafla 5.2.).

Þegar svæði D var opnað sumarið 2022 var skilin eftir ræma jarðvegs milli þess og svæðis C en ákveðið var að fjarlægja þetta haft milli svæðanna þetta sumarið. Því miður reyndist ekki unnt að grafa það niður á sömu hæð og annars á svæði D, en í þessu hafti komu í ljós leifar 19. aldar byggingarnar sem áður höfðu fundist á svæðum C og D. Undir yfirborðinu var strax komið niður á torfblandin jarðveg [30481] sem reyndist hrun, líklega frá því að svæðið var sléttað snemma á 20. öld. Undir því kom í ljós steinstétt [30998] sem lögð hafði verið upp að vegg 19. aldar byggingarinnar [31077] til vesturs og lá frá

honum til suðausturs (sjá kafla 5.4.). Undir lok uppgraftartímabilsins 2023 var þessi veggur kominn ágætlega fram en ekki vannst tími til að grafa hann burt. Verður það að bíða næsta sumars.

4.2. Svæði E

Á svæði E var komið niður á áhugaverð mannvirki þetta sumarið. Torfhleðsla [28832] sem kom fyrst í ljós í könnunarskurði [26013] frá 2017 og komið var niður á í lok uppgraftartímabilsins 2022 var grafinn fram og auk þess komu í ljós nokkur önnur torfhleðslubrot (sjá kafla 5). Sumarið 2023 var þó byrjað á að grafa upp blandað torflag [28667] sem hafði að hluta verið grafið upp 2022 og huldi stærstan hluta svæðis E. Þegar það lag hafði verið fjarlægt komu í ljós að mörg lög voru eins sitthvoru megin við hleðsluna eða skorin af prufuskurðinum. Þetta útskýrir að hluta þann fjölda laga sem mæld voru 2023, en einnig var nokkuð um minni lög milli þessara stærri laga, auk torfhruns úr hleðslunni.

Torfhleðslan [28832] er staðsett nokkurn veginn um miðju svæðis E og er stefna stærsta hluta hennar norðuraustur-suðvestur en syðst á svæðinu er 90° sveigur á henni til austurs og



Mynd 5: Teikning af svæði E við lok vettvangsvinnu 2023.


stefnir hún þar norðvestur-suðaustur (myndir 5 og 8). Þessi suður hluti hleðslunnar er þó fremur illa farin og skorin af prufuskurði frá 2017. Vestan tofhleðslunnar, í suðvestur horni svæðis E var blandað lag fokmoldar, torfs og móösku [28075]. Lá það lag sunnan við torfhleðsluna og var skorið af könnunarskurðinum. Sást það líka austan við skurðinn sem lag [29130] en undan því lagi kom í ljós lítið horn torfhleðslu [29157] sem greinilega var endi torfhleðslu [28832], skorin af könnunarskurðinum (sjá myndir 5, 7 og 8). Einnig undir þessu blandaða lagi var grænleitt mannvistarlag [30115] í suðausturhorni svæðisins. Undir blandaða laginu [28075] vestan við skurðinn kom í ljós blandað lag fokmoldar og móösku [28875] meðfram vestursniði svæðis E. Undan því var grafið fram lítið lag viðarkola í suðvesturhorni svæðisins og hringlaga niðurgröftur [29399] norðarlega á svæðinu sem innihélt blandað lag móösku og viðarkola með

nokkra steina [29409]. Ekki er víst um tilgang þessa niðurgraftar en gæti hann hafa verið opið eldstæði.

Niðurgrofturinn [29399] var tekinn í gegnum móöskulag [29758] sem lá yfir suðvesturhorni svæðis E, meðfram torfhleðslu [28832], vestan og sunnan hans, og í norðvestur horn svæðisins. Þetta móöskulag var mjög þykkt og er það sama og móöskulag [29453] sem er að finna austan við torfhleðsluna og er þar undir blönduðu lagi [29130] og litlu lagi sem samanstóð af miklu magni dýrabeina og fokmoldar [29209]. Þegar þetta móöskulag var grafið upp kom fram dren [30894] sem lá samhliða torfhleðslunni og var fullt af móösku.

Undan móöskulagi [29453], austan torfhleðslunnar, kom í ljós, auk þriggja torfhrunslaga, torfhleðsla [29167]. Þessi torfhleðsla er framhald torfhleðslu [28832] og [29157] (sjá kafla 5.5.). Torfhrunslögin sem komu í ljós voru úr sitt hvorri hleðslunni. Fyrsta torfhrunið [29955] er hrún úr torfhleðslu [29167] og var í opi milli torfhleðslu [29157] og [29167], annað torfhrunið [31156] kom úr torfhleðslu [28832] og var við enda profuskurðarins. Þriðja torfhrunið [29892] kom úr torfvegg [26047] en yngsti hluti hans er veggur 19. aldar kirkjugarðsins (sjá kafla 5.6.).

Undir þessum torfhrunslögum var móöskulag [30258] sem lá upp að og meðfram torfhleðslunni, fyrir norðurenda hennar upp að hleðslunni vestan hennar. Þetta móöskulag lá einnig undir móöskulagi [29758] að hluta, en milli þeirra var örþunnt (minna en 1 mm) lag af



Mynd 6: Harris Matrix af einingum á svæði E.



Mynd 7: Torfhleðsla [28832] fyrir miðju. Má sjá horn torfhleðslu [29157] handan þrúfuskurðsins frá 2017. Í línu við hornið má sjá torfhleðslu [29167] handan ops. Vinstra megin á myndinni, ofarlega má sjá glitta í vegg kirkjugarðsins [26047]. Hægra megin, ofarlega, má sjá hrygg í malarlagi [31346]. Í vinstra horni, niðri, má sjá raflögn sem liggur yfir svæðið.

fokmold. Vestan við torfhleðsluna kom fram lag torfhruns [31043] undir móöskulaginu sem lá ofan á malarlagi [31346]. Austan við hleðsluna kom undan móöskulaginu [30258] dren [30853] sem er greinilegt framhald drengsins [30894] sem kom í ljós sunnan torfhleðslunnar. Einnig undan móöskunni [30258] og norður af dreninu [30853] fannst niðurskurður [31268] sem fylltur var með móösku. Þessi niðurskurður var á mörkum tveggja laga en virðist hafa verið tekinn í gegnum grænleitt, lífrænt lag [31373] sem liggur upp af malarlagi [31406]. Greinilegt var að þetta malarlag er sama og malarlag [31346] sem fannst vestan og sunnan við torfhleðsluna. Í fyrstu var talið að þessi malarlög lægju upp að torfhleðslunni en við nánari könnun kom í ljós að þetta lag liggur undir torfhleðslunni [28832], [29157] og [29167]. Þegar þetta varð ljóst var gengið út frá því að hér væri komið á náttúruleg lög en þegar betur var að gáð fannst móöskulag undir malarlögum eða í þeim. Malarlögin voru ekki grafin upp þetta árið.

Skýrt aðgreint frá öllum þessum lögum var lag blandaðs torfs [30382] og [29864] í norðaustuhorni svæðis E, en þetta lag hefur tvö númer þar sem það er skorið af raflagnaskurði [26101]. Þessi torflög eru þykk og undir lok uppgrftar var að koma þar upp þó nokkuð af leifum viðs. Ekki er enn víst hvaða tilgang þessi torflög höfðu, hvort um ræðir hrun eða mögulega fyllingu í einhverskonar rými, en lögin mynda nokkurn veginn ferkantað svæði.




Mynd 8: Yfirlitsmynd yfir svæði E, tekin seinasta dag uppgrafter.

4.3. Svæði F

Líkt og þegar hefur komið fram var svæði F opnað þetta sumarið en þar hafði ekki verið grafið áður. Samkvæmt uppgrefti fyrri ára og niðurstöðum jarðsjármælinga ætti svæðið að ná yfir vesturenda klausturkirkjunnar, þ.e. yfir inngang og forkirkju.

Yfirborðslög svæðisins reyndust þykk og fundust þar þó nokkuð af gripum frá 20. öld. Þegar komið var niður úr yfirborðslögum byrjuðu fljótlega að koma í ljós grafir á austurhluta svæðisins og torfhrun sem virðist mest eiga uppruna sinn frá því að svæðið var sléttað á 20. öld.




Mynd 10: Teikning af svæði F við lok vettvangsvinnu 2023.

Fyrstu grafirnar sem komu í ljós á svæði F voru gröf [29501] sem ekki var grafin upp og gröf 19 [30211] sem var aftur á móti grafin upp (sjá kafla 5.3.). Sunnan grafar 19 er að finna raflagnaskurð [30950] sem er sá sami og má finna á svæði E.

Yfir öllu svæðinu, nema suðausturhorni þess, lá blandað torflag [29641]. Skera grafirnar þetta lag. Í suðausturhorni svæðis F kom í ljós þykkt lag torfhruns [29631] sem blandaða torflagið virðist hafa legið upp að en þetta lag varð líklega til við sléttun túnsins á síðustu öld. Undir blandaða torflaginu var torfhrunslag [29808] sem lá meðfram austursniði svæðisins. Í fyrstu var talið að hér væri um torfvegg að ræða, þar sem torfið var fremur þétt, rauð-appelsínugult að lit og með skellum af bæði dökkri og ljósri gjósku en lagið reyndist fremur þunnt. Undir þessu lagi kom fram brúnleitt blandað torflag [31429]. Torfhrun [29833] lá samhliða torfhrunslagi [29808], vestan þess, en var öllu lausara í sér og dekkra að lit.

Undan torfhruni [29833] var annað torfhrunslag [30185] sunnan megin á svæðinu og gröf [31128] sem ekki var grafin upp. Torfhrunslagið [30185] var þétt lag með rauðum og gulum torfskellum og var skorið af raflagnaskurðinum. Seinasta lagið sem skráð var þetta sumarið var blandað torflag [31429] sem huldi stærstan hluta svæðis F, frá austursniði þess og yfir miðju. Þetta lag kom fram undan torfhrunslögnum [29808] og [30185].



Mynd 9: Harris Matrix af einingum á svæði F.

Fundust því engin eiginleg mannvirki þetta sumarið á svæði F en virðast þau torflög sem eru þar að finna benda til þess að byggingar hafi verið á þessu svæði og gefur góða hugmynd um mögulega stærð kirkjunnar en skil um mitt svæðið eru nokkuð greinileg. Lofar svæðið því góðu fyrir framhaldandi rannsóknir næsta sumar, auk þess sem vonir standa til þess að hægt verði að koma niður á eiginlegar leifar 19. aldar bygginganna sem fundist hafa á svæðum C og D, eða þá greinilegum leifum eldri kirkna á Þingeyrum.

5. Lýsing mannvirkja

Sumarið 2023 voru grafnar upp einar fimm grafir, en einnig bæði torfveggir og dren. Verður hér fjallað stuttlega um þau mannvirki sem grafin voru fram.

5.1. Gröf 16

Gröf 16 er sú gröf sem fékk númerið [28598] sumarið 2022 og sást sem önnur af tveimur mögulegum gröfum. Þetta uppgraftartímabilið fékk gröfin hinsvegar númerið [29013]. Þegar grafið var niður á kistuna kom í ljós hluti höfuðkúpu ofan á henni. Því miður var þessi höfuðkúpa of illa farin til að hægt væri að varðveita hana. Líklegt er að þessi höfuðkúpa eigi uppruna sinn í því að gröf 16 var tekin ofan í eldri gröf en hún endurgráfin þegar gröfinni var lokað. Þessi eldri gröf sást ekki þegar gröf 16 var grafin upp.

Kistan í gröfinni lá í austnorðaustur-vestsuðvestur, líkt og flestar aðrar grafir sem grafnar hafa verið að Þingeyrum. Var hún nokkuð vel varðveitt, þó að greinilegt var að skorið hafi verið í hana að hluta til fóta. Þetta gæti hafi gerst þegar gröf 17 var tekin, en innri afstaða grafanna fjögurra á svæði D er ekki afgerandi.

Líkamsleifar í kistunni voru vel varðveittar og hafði manneskjan verið greftruð með hendur krosslagðar yfir bringuna, hægri arm yfir þann vinstri, og hægri fót krossaðan yfir þann vinstri (mynd 11). Höfuðkúpan lá á hægri hlið en á henni mátti enn sjá leifar hárs einstaklingsins, sem virtist vera hvítt eða grátt að lit. Greiningar á líkamsleifunum gefa til



Mynd 11: Teikning af líkamsleifum í gröf 16

kynna að hér sé um karlmann að ræða sem hefur verið á bilinu 26 og 35 ára þegar hann lést (Walser, 2023).

Þegar þetta er ritað er ekki vitað með vissu um aldur þessarar grafar en ólíklegt er að hún sé frá klausturtíma.

5.2. Grafir 17, 18 og 20


Þegar gröf 17 var afhjúpuð var talið að aðeins væri um eina gröf að ræða þar sem hún kom fram nokkurnveginn þar sem möguleg gröf [28623] var mæld inn 2022. Þegar betur var að gáð kom í ljós önnur kista norðan við hana og að lokum enn ein til viðbótar á milli þeirra. Voru þetta, í röð, grafir 17, 18 og 20.

Kistan í gröf 17 var fremur illa farin, brotin saman og sást í bein milli brotanna svo búist var við að líkamsleifar væru einnig illa farnar. Svo reyndist þó ekki vera, þrátt fyrir að höfuðkúpan hafi verið brotin um andlitið. Manneskjan í kistunni var grafin með hendur yfir mjöðmum og fætur beina (mynd 12). Aðrar líkamsleifar en bein sem fundust voru leifar dökks hárs um höfuðið og mjaðmirnar. Um fótleggina voru leifar textíls (sjá kafla 6.9.).

Í gröf 18 er svipaða sögu að segja, kistan var brotin og sást í bein milli þeirra en þrátt fyrir það voru líkamsleifar vel varðveittar. Hár fannst einnig hér en auk hárs á höfði og við



Mynd 13: Teikning af líkamsleifum í gröf 17.



Mynd 12: Teikning af líkamsleifum í gröf 18.

mjaðmir fannst einnig hár um kjálkann sem bendir til skeggvaxtar. Við hendur einstaklingsins fundust neglur. Einstaklingurinn í þessari kistu var grafinn með hendur niður með síðum og leggi beina (mynd 13). Líkt og í gröf 17 fannst textíll um leggi þessa einstaklings en höfuð hans hvíldi þar að auki á kodda úr ull (sjá kafla 6.9. og 6.10.).


Milli þessara tveggja grafa kom í ljós þriðja kistan og voru grafir 17 og 18 þétt upp að gröf 20. Kistan í gröf 20 var aðeins um einn meter að lengd en virtist vera sú best varðveitta af kistunum þremur. Þegar hún var opnuð kom í ljós að aðeins örlitlar líkamsleifar höfðu varðveist. Tennur, brot úr höfuðkúpu og ljóst hár fundust í kistunni.

Afstaða þessara þriggja grafa, sem og gerð kistnanna, en allar þrjár kisturnar voru eins að gerð, bendir til þess að þær hafi verið teknar á sama tíma. Líkamsleifar í kistunum benda einnig til þess að um fjölskyldu sé mögulega að ræða, kvenmann, karlmann og barn, sem hafa þá öll látist á sama eða svipuðum tíma. Greiningar á þessum líkamsleifum benda til að hér sé um konu, 17 til 25 ára að aldri þegar hún lést, og karlmann af óþekktum aldri þegar hann lést (Walser, 2023). Aldur þessara grafa er óráður en líklegt er að um fremur ungar grafir sé að ræða, mögulega frá 19. öld.

5.3. Gröf 19

Gröf 19 var eina gröfin sem grafin var upp á svæði F. Þegar fyrst sást í grafarfyllingu hennar var ákveðið að grafa hana upp en þar sem hluti hennar náði út, þ.e.a.s. vestur, fyrir svæðið var svæðið stækkað til að ná yfir hana. Gröfin reyndist styttri en búist var við og var kistan aðeins um 1,30 metrar að lengd, en aðrar kistur fullvaxta einstaklinga á Þingeyrum eru yfirleitt á bilinu 1,80 til 2,00 metrar á lengd. Greiningar á beinunum styðja það sem stærð grafarinnar bendir til, að hér sé um barn að ræða (Walser, 2023). Bein einstaklingsins voru vel varðveitt og var hann grafinn með hendur yfir mjöðmum og hægri fót yfir þeim vinstri.

Brot úr textíl með koparþræði sem bundin var í hnúta lágu yfir andliti einstaklingsins (fundarnúmer 2023-36-673, 700 og 701). Ekki voru aðrir fundir í gröfinni en svo virðist sem hálmi eða sagi hafi verið stráð í kistuna undir einstaklinginn.



Mynd 14: Teikning af líkamsleifum í gröf 19.

5.4. 19. aldar bygging

Uppgröftur á svæðum C og D á fyrri árum hefur leitt í ljós rústir byggingar sem virðist, út frá fundum tengdum henni, hafa verið í notkun á 19. öld. Hefur þessi bygging verið kölluð 19. aldar bygging en enn sem komið er hefur ekki reynst mögulegt að segja til um hlutverk hennar. Sumarið 2023 komu fram meira af rústum þessarar byggingar í haftinu svokallaða á svæði D (sjá kafla 4.1.). Voru þessar rústir hluti veggis [31077] og stéttar [30998] sem lá upp að veggnum (mynd 15).

Veggurinn er torf og grjóthlaðinn með röð grjóts að utan og hefur veggurinn stefnu nokkurn veginn norður-suður. Á veggnum hafa verið nokkrir gluggar en rúðuglerbrot fundust þétt saman á nokkrum stöðum í veggnum og hruni [30481] úr honum. Stéttin sem fannst upp við vegginn er hlaðin úr litlum steinum en hún er ekki slétt heldur stendur hún hæst í miðjulinu hennar. Áður hafði hluti þessarar stéttar fundist í profuskurði árið 2015 (Steinunn Kristjánsdóttir o.fl., 2015, bls. 10).



Mynd 15: Leifar stéttar [30998] fyrir miðju, upp við vegg [31077], stærri steinar til hægri.

5.5. Torfhleðsla og dren

Undir lok uppgráftartímabilsins 2022 kom fram torfhleðsla [28832] á svæði E og var hún dregin fram með uppgrefti sumarsins. Legu hleðslunnar hefur þegar verið lýst í kafla 4.2. og hvernig hún var skorin af könnunarskurði sem skipti henni upp í tvo hluta með númerin [28832] og [29157]. Undir seinna númerinu er lítið, þvíhyrnt brot austan könnunarskurðsins. Einnig kom í ljós önnur hleðsla [29167] en milli þessara tveggja torfhleðslna er op, um 1,7 metrar að breidd. Þessi torfhleðsla endar óræðin í suðausturhorni svæðis E en svæðið þar virðist hafa verið mjög truflað af einhverjum seinni tíma framkvæmdum (mynd 16). Aðeins frekari uppgröftur mun leiða í ljós hvort þessi hleðsla haldi áfram austur eða sé of sködduð til að hún sjáist frekar.

Hleðslan [28832] sem sást fyrst endar óræðin til norðurs en ekki tókst að grafa næginlega mikið á þeim hluta svæðisins til að ákvarða hvort hleðslan þar endi vegna raflagnaskurðarins [26101] sem sker svæði E eða vegna eldri framkvæmda en móöskulag [30258] lá yfir það svæði sem hleðslan ætti að vera á til norðurs en virti hana og lá sitthvoru



Mynd 17: Opið í hleðslunni fyrir miðri mynd, brot [29157] hægra megin á myndinni og hleðsla [29167] vinstra megin. Drenið, enn fullt af ljósri móösku, liggur í gegnum það og norðan við leifar hennar. Horft til suðurs.



Mynd 16: Suðvesturhorn torfhleðslunar og endi drensins sunnan hennar, með botnfylli af vatni. Horft til norðurs.

megin við hana sunnar. Bendir þetta til að hleðslan geti hafa verið horfin þegar móöskulagið hlóðst upp.

Allar hleðslunar eru úr torfi sem svipar mjög svo til torfsins í veggjum klausturkirkjunnar á svæði C en það er fremur ljóst torf, rauð-appelsínugult með dökkum strengjum og strengjum hvítrar gjósku úr Heklugosi frá 1104. Virðist hleðslan hafa verið mest þverstrengir, þó að í brotinu austan könnunarskurðar séu torf hnausar sem ganga sitt á hvað, líklega til að halda stöðugleika við enda hleðslunnar. Erfiðar er að segja til um hleðsluna [29167] austan opsins en þar er hún öllu verr farinn en vestar.

Sunnan við hleðsluna og í gegnum opið milli þeirra fannst, líkt og þegar hefur komið fram, dren [30853] og [30894], grunnur niðurskurður um 15 til 20 sentimetrar á breidd og um 10 til 15 sentimetrar á dýpt en með mjög ójafnan halla innbirðis. Endar drenið sunnan við horn torfhleðslu [28832] í hringlaga niðurgrefti (mynd 17). Þetta dren hefur líklega verið til þess að leiða vatn út fyrir svæðið sem torfhleðslurnar umlykja.

Eftir þetta uppgraftartímabil virðist sem svo að þessi torfhleðsla sé garðlag sem hafi umlukið klausturbyggingarnar og því sé hér komið suðvestur úthorn klaustursins. Erfitt er þó að halda þessu fram með vissu án þess að stækka svæðið til norðurs og austurs.

5.6. Veggur kirkjugarðs


Líkt og kemur fram í áfangaskýrslu 2021 (Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2022, bls. 15) var svæði E opnað svo að vestasta horn veggjar 19. aldar kirkjugarðsins [26047] sem fundinn hafði verið með jarðsjármælingum næði inn á svæðið (mynd 18). Síðan þá hefur ekki verið grafið í vegginn en eftir uppgraftartímabilið 2022 var ljóst að hann væri eldri að grunni en áður var talið (Jakob Orri Jónsson o.fl., 2023, bls. 15). Eftir þetta uppgraftartímabil lítur út fyrir að grunnur hans gæti verið hluti klausturbygginganna sem nýtt hafi verið áfram í gegnum aldirnar. Virðist sem dren, sem rædd voru í undirkaflanum hér á undan, virði ekki aðeins torfhleðslurnar heldur einnig þennan vegg. Verður þessu þó ekki haldið fram með vissu nema að svæðið verði stækkað til austur og mögulegar klausturrústir þar afhjúpaðar.




Mynd 18: Veggur kirkjugarðs.

6. Fundir


Alls voru skráð 1047 fundarnúmer á Þingeyrum sumarið 2023, en af þeim var 23 númerum eytt og fimm voru fyrir jarðvegssýni. Af þeim 1014 númerum sem eftir stóðu voru 407 númer fyrir málma, 386 fundarnúmer voru fyrir bein, 54 fyrir við, 53 fyrir steina, 48 fyrir gler, 44 fyrir keramik, ellefu fyrir textíla, fimm fyrir leður, fjögur fyrir hár, og eitt hvort um sig fyrir ull og skel.




Mynd 19: Skífurit með hlutföllum gripaflokka eftir fjölda.



Mynd 20: Kort yfir fundi á svæði E.



Mynd 21: Kort yfir fundi á svæði D.



Mynd 22: Kort yfir fundi á svæði F.

6.1. Bein

Dýrabein voru um þriðjungur allra fundarnúmera sem fundust sumarið 2023 og var næststærsti fundarhópurinn. Eitt þessara númera er beinþróinn (2023-36-1032) sem fannst á seinustu dögum uppgrafter í hreyfðu lagi við raflagnarskurðinn sem sker svæði E og annað var hnappur úr beini (2023-36-1024) sem fannst í samhengi við 19. aldar bygginguna á svæði D (sjá kafla 5.4.). Mannabein eru skráð á ellefu númer og er rest fundarnúmeranna, eða 373, dýrabein.

Dýrabeinin virðast falla í tvo breiða flokka sem afmarkast gróflga af því svæði sem þau fundust. Beinín af svæðum D og F virðast að mestu dreifast handahófskennt og eru öll tengd 19. aldar byggingunni (sjá kafla 5.4.) eða eru frá síðari tíma. Beinín frá svæði E, hinsvegar, virðast flest vera matarleifar sem tengja má klausturtíma. Nærri helmingur safnaðra beina þaðan kom úr lagi sem var að mestu samsett af dýrabeinum [29209] (sjá kafla 4.2). Líkt og búast má við úr uppgrefti á Íslandi var þriðjungur beina sauðfé og annar þriðjungurinn voru bein úr meðalstórum spendýrum, sem líklegast er mest sauðfé eða dýr af svipaðri stærð svo sem geitur, svín, eða selir. Athyglisvert er að aðeins þrjú fiskibein fundust þetta sumarið og eitt bein úr svíni. Einnig fundust bein úr nautgripum, hundum og hestum, en ekki eru merki um að hundar og hestar hafi verið hafðir til matar. Af villibrað var mjög lítið, örfá fuglabein fundust og nokkur bein úr landsel fundust, sem er mjög áhugavert í tengslum við fæð sjávarfangs. Heilt á lítið er beinasafnið fremur hefðbundinn matarúrgangur, helst áhugaverður fyrir fæð fiskibeina, en varðveisla beina var mjög slæm og því kunna fiskibeinin einfaldlega að hafa horfið. Sjá viðauka 1 fyrir frekari dýrabeinagreiningar.

Dýrabein úr bæði dýrabeinalaginu [29209] og úr dreninu [30894], hvoru tveggja af svæði E, voru send í kolefnisaldusgreiningu (sjá viðauka 2). Úr beinalaginu [29209] fengust tvær niðurstöður. Önnur gaf tímabilið 673 til 778 e.Kr. og hin seinni 1156 til 1262 e.Kr. Telja má að fyrri niðurstaðan, að minnsta kosti, sé óreiðanleg, sérstaklega í samhengi niðurstaðna úr dreninu [30894]. Þar fengust þrjár niðurstöður frá tímabilinum 43 f.Kr til 120 e.Kr., 175 til 26 f.Kr. og 814 til 754 f.Kr. Þessar niðurstöður ná ekki aðeins yfir langt tímabil, nærri þúsund ár, heldur falla þær einnig að mestu á tímabilið fyrir Krist. Er því eina niðurstaðan sem mögulega er hægt að reida sig á úr þessum aldursgreiningum sú sem nær yfirtímabilið 1156 til 1262 e.Kr. Ef marka má hana þá fellur hún innan ramma fyrstu alda klausturtíma á Þingeyrum.

Gerðar voru hefðbundnar greiningar á mennskum líkamsleifum úr tveimur gröfum, gröfum 16 og 17, en þær ná til eigin aldurs og kyns þeirra sem þar voru grafnir, sjá kafla 5.1, 5.2. og Walser, 2023.

6.2. Gler

Gler fannst á öllum þremur uppgraftarsvæðunum sem opin voru sumarið 2023 og af þeim 48 fundarnúmerum sem voru skráð sem gler voru 23 af svæði D, fjögur voru af svæði E og 20 kom af svæði F. Fyrir utan eina bláa, glerperlu (2023-36-4) sem fannst í grafarfyllingu grafar 16 á svæði D voru öll fundarnúmer af svæðum D og F úr yfirborðslögum eða tengd 18. eða 19. aldar minjum. Flest þessara númera voru rúðuglerbrot og brot úr flöskum, þar með talið ein meðalaflaska (2023-36-831). Á svæði F fannst, í yfirborðslögum, gervismaragður úr gleri (2023-36-255), sem líklega hefur einhverntíma dottið úr skartgrip.

Af þeim fjórum glerbrotum sem fundust á svæði E voru þrjú sem féllu úr kanti uppgraftarins og eru mun yngri. Voru þetta tvö rúðuglerbrot (2023-36-9 og 2023-36-31) og eitt flöskuglerbrot (2023-36-20). Seinasta glerbrotið er lítið, flatt, grænleitt brot, mögulega rúðugler eða úr köntuðu íláti (2023-36-545).



Mynd 23: Glerperla (2023-36-4).

6.3. Hár

Öll fundarnúmer fyrir hár komu úr gröfum 18 og 19 (sjá kafla 5.2.) og er um mennskt hár að ræða í öllum tilvikum.

6.4. Keramik

Fundarnúmer fyrir keramik voru 44 en þar af voru níu fyrir krítarpípur, eitt fyrir keramik þakflís, og 34 fyrir leirker. Öll krítarpípubrotin voru leggjarbrot og komu af svæði F, en þaðan kom einnig þakflísin.

Leirkersbrotin sem fundust sumarið 2023 voru í heild 90 talsins en af þeim fundust 79 á svæði F, átta á svæði D og þrjú á svæði E. Mátti greina í þessu safni að minnsta kosti 19 ílát en af þeim voru tólf úr verksmiðjuframleiddum hvítleir, eitt úr



Mynd 24: Leirkersbrot úr þrífóta eldunaríláti (2023-36-1033).

verksmiðjuframleiddum brúnleir og tvö úr postulíni. Öll þessi ílát eru mjög ung, líklegast frá síðari hluta 18. aldar eða þeirri 19. Verksmiðjuframleiddur leir fannst á öllum svæðum, en brotin sem komu af svæði E höfðu greinilega fallið úr sniði svæðisins og nýtast því ekki til aldursgreininga. Á svæði F fannst einnig brot úr hornmáluðu rauðleirsíláti af svipuðum aldri. Að lokum fannst í grafarfyllingu grafar 16 brot úr óskreyttu rauðleirsíláti sem ekki er hægt að greina nákvæmlega til aldurs.

6.5. Leður

Það leður sem fannst sumarið 2023 voru allt litlir ógreinilegir bútar. Komu tveir bútar af svæði E, tveir af svæði F, og einn af svæði D.

6.6. Málmar

Málmar voru stærsti einstaki fundarhópurinn með 407 fundarnúmer, en þar af voru 210 af svæði D, 52 af svæði E og 145 af svæði F. Stærsti hluti þessara funda eru naglar, en kistunaglar, teknir úr gröfum 16 til 20 voru 173 talsins og aðrir naglar voru 157. Ógreinileg brot voru 54. Aðrir fundir voru færri en tíu að tölu en má þar telja upp fjórar klæðisfestingar, þrjár þeirra úr gröf 19 (2023-36-706, 719, 720) og ein úr vegg 19. aldar byggingarinnar á svæði D (2023-36-952), sex þynnur, tvo hnappa (2023-36-721 og 2023-36-1023), eitt skreyti (2023-36-243) og einn lykil (2023-36-727).



Mynd 25: Krækja af flík (2023-36-952).

6.7. Skel

Hismi af uskel (2023-36-875) fannst á svæði D í tengslum við 19. aldar bygginguna.

6.8. Steinar

Meiri hluti þeirra steina sem safnað var á vettvangi voru litlir hvítir steinar eða kristallar, eða 28 af 53 númerum. Steinarnir komu flestir af svæði E, eða 33 númer, fimm komu af svæði D, og 16 af svæði F. Aðrir steinar en litlir hvítir steinar og kristallar voru ýmiskonar, á svæði F fundust tvö hrafntinnu brot (2023-36-420 og 2023-36-834), einn jaspis (2023-36-292), og ein svört perla (2023-36-183). Á svæði D fannst einn jaspis moli (2023-36-266). Á svæði E fundust tvö brýni (2023-36-446 og 2023-36-779), ein sleggja (2023-36-181), og tveir steinar sem

mögulega eru af gerð sem nýttir voru til litunar og í skreyti, annar rauður (2023-36-698) og hinn grænn (2023-36-505). Einn óvenjulegur steinn fannst, lengja með silfurlitri húð, líklega hrafntinumoli (2023-36-509).



Mynd 26: Steinsleggja (2023-36-181).

6.9. Textílar

Textíll fannst í þremur af þeim gröfum sem grafnar voru upp þetta sumarið. Textílarnir í gröfum 17 og 18 voru grænleitir í jörðinni, annaðhvort leifar af klæðum eða klæðningu innan af kistunni. Þeir voru of illa farnir til að greina form þeirra á vettvangi en um er að ræða vaðmál (2023-36-387 og 2023-36-610).

Þrjár textílbútar voru skráðir úr gröf 19, allt bútar úr slaufu sem virðist hafa verið um háls einstaklingsins (2023-36-673, 700, 701). Þeir sex textílbútar sem eftir eru voru allt litlir bútar úr ungum lögum, þar af tveir af svæði D og fjórir af svæði F.

6.10. Ull

Í gröf 18 fannst ull undir höfði einstaklingsins þar sem hún hefur verið fylling í kotta (2023-36-611).

6.11. Viður

Viðarsýni úr kistum grafanna sem grafnar voru upp eru stærstur hluti viðarfundanna 53, eða 31. Af þeim 22 númerum sem eftir eru var einn korkbútur (2023-36-115) úr yfirborði á svæði F. Restin eru allt viðarsýni, tvö af svæði F (2023-36-463 og 2023-36-954), og 19 af svæði E. Nærri helmingur af þeim, eða níu númer, komu úr einni einingu, blönduðu torflagi [30382] í norðausturhorni svæðis E.

7. Landslag, gróður og jarðgrunnur

Uppgraftarsvæðið er staðsett í ræktuðu túni skammt norðan við bæjarstæðið á Þingeyrum. Gamli kirkjugarðurinn sem var sléttaður uppúr 1925 er innan þessa túns. Uppgröftur hefur farið fram bæði innan gamla kirkjugarðsins en einnig utan við hann. Hæð svæðisins yfir sjávarmáli er að meðaltali um 23 metrar. Á Þingeyrum er mikil jarðvegsþykknun en sem dæmi má nefna eru um tveir metrar að jafnaði frá yfirborði og niður fyrir minjar frá klausturtíma. Ekkert náttúrulegt grjót er þar í jarðvegi og mjög djúpt á grunnvatn. Jarðvegur er því fremur þurr.

8. Miðlun

Ljósmyndum og upplýsingum um uppgröftinn var deilt á Facebook síðu rannsóknarinnar *Fornleifarannsókn: Benediktínarklaustur á Íslandi / Benedictines in Iceland* og á Instagram síðu hennar, *benedictines_fornleifarannsokn*, á meðan uppgröftinum stóð og vinnu tengdum honum eftir að vettvangsvinnu lauk. Er þannig reynt að ná til breiðs hóps fólks, almennings jafnt sem fornleifafræðinga. Skýrsla þessi mun vera birt í opnum aðgangi á heimasíðu verkefnisins *Samspil manns og náttúru – Between Man and Nature* (bmn.hi.is).

9. Túlkun og framhald rannsókna

Niðurstöður uppgraftar 2023 á Þingeyrum voru að mestu mjög spennandi. Einu vonbrigðin voru niðurstöður kolefnisaldursgreininga á dýrabeinum af svæði E sem gáfu mjög skrýtnar niðurstöður en styðja þó mögulega þá hugmynd að byggingarleifar þar séu frá klausturtíma (sjá kafla 6.1 og viðauka 2).

Grafnar voru upp fimm grafir. Allar nema ein var vel varðveitt. Niðurstöðum úr frekari rannsókna á þessum líkamsleifum, aDNA og aldursgreiningum sem unnar verða í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands og DeCode er að vænta á næstu misserum.

